



Viðurkenndur bókari

ágúst 2018 – desember 2018

Undirbúningsnám til viðurkenningar bókara

Markmið námsins

Auka fræðilega þekkingu próftaka og hæfni til að beita henni í starfi, í samræmi við prófefnislýsingu og skilgreind hæfniviðmið sem auglýst eru af prófnefnd viðurkenndra bókara á vef [atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins](#).

Kynna meginreglur og aðferðir reikningshalds, skattskila og upplýsingatækni í því lagaumhverfi sem það byggir á.

Auka vísýni og færni próftaka til að beita þekkingu sinni við lausn hagnýtra viðfangsefna með aðstoð Excel töflureiknis.

Fyrir hverja

Einkum ætlað þeim sem starfa eða hafa starfað við færslu bókhalds um skemmri eða lengri tíma. Hafi umsækjandi ekki starfað við bókhald er æskilegt að viðkomandi hafi haldgóða þekkingu á bókhaldi, hafi sótt [Grunnnám bókhaldi](#) og [Grunnnám í reikningshaldi og skattskilum](#).

Kennarar

Snorri Jónsson, Master of Accounting and Auditing.

Jón Viðar Þorsteinsson, sérfræðingur í viðskiptagreind hjá Seðlabanka Íslands.

Jörundur Hartmann Þórarinsson, viðskiptafræðingur og MA í skattarétti og reikningsskilum. Liðsstjóri hjá Deloitte ehf.

Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur og meðeigandi Lögfræðistofu Reykjavíkur.

Kennslutilhögun

Námið er eitt misseri, 10 lotur.

Kennt er alla jafna á föstudögum kl. 16:15 – 19:15 og laugardögum kl. 8:30 – 12:00 og 12:30 – 16:00.

Námsefni

Námsefnið byggir á prófefnislýsingu og upplýsingum sem finna má á síðu prófnefndar til viðurkenningar bókara á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Eins og fram kemur á vefnum er prófefnislýsingin skv. 3. gr. reglugerðar nr. 686/2015 um próf til viðurkenningar bókara. Þar kemur einnig fram að prófnefnd viðurkenndra bókara stendur reglulega fyrir prófum til viðurkenningar bókara með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald.

Prófnefnd til viðurkenningar bókara tekur ákvörðun um efni sem prófað er úr og semur prófsefnislýsingu. Gildandi prófsefnislýsingu á hverjum tíma er að finna á vefsvæði prófnefndar á heimasíðu ráðuneytisins.

[Vefsíða Prófnefndar viðurkenndra bókara.](#)

Prófsefnislýsingu er ætlað að auðvelda próftökum að undirbúa sig fyrir próf, hvort sem þeir hafa setið námskeið til undirbúnings fyrir slík próf eða ekki.

Í prófsefnislýsingunni er að finna lýsingu á þeim atriðum sem próftakar þurfa að kunna skil á. Próftaki á að geta útskýrt atriði sem vísað er til, fléttað þau inn í umfjöllun sem beðið er um og þannig sýnt fram á skilning og kunnáttu eftir því sem við á.

Námsráðgjöf

Öllum nemendum Endurmenntunar Háskóla Íslands er velkomið að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa Endurmenntunar. Hlutverk námsráðgjafa er að veita nemendum stuðning á meðan á námi stendur. Hjá námsráðgjafa er hægt að fá endurgjöf á vangaveltur sínar og upplýsingar um námsmöguleika. Námsval sem byggir á áhuga, réttum upplýsingum og skilningi getur margfaldað ávinning nemandans af námi sínu. Námsráðgjafi er einnig með námstækninámskeið í upphafi náms þar sem meðal annars er rætt um tímastjórnun, skipulagningu, próftækni, prófundirbúning og stjórnun prófkvíða. Það námskeið ásamt undirbúningsnámskeiði í Excel stendur þátttakendum til boða, sér að kostnaðarlausu á haustmisseri 2017. Dagsetningar tilkynntar til skráðra þátttakenda síðar.

Verð:

Heildarverð námsins er 195.000 kr. Próf gjöld eru ekki innifalin í námsgjaldi.

Greiðslufyrirkomulag

Vinsamlega athugið að eftir að nám er hafið hefur nemandi skuldbundið sig til að greiða allt námsgjaldið og ekki er hægt að fá það fellt niður.

Hægt er að semja um greiðslufyrirkomulag með kortaláni til allt að 36 mánaða. Ef þess er óskað þarf að hafa samband við gjaldkera um það leyti sem inntökubréf berst. Athugið að ef greiðandi er annar en umsækjandi er mikilvægt að þær upplýsingar komi fram í umsókn.

Ef engar óskir berast um breytingar á greiðanda eða greiðslufyrirkomulagi birtast greiðsluseðlar í heimabanka nemanda með eindaga við upphaf hvers misseris.

Ganga þarf frá greiðslutilhögun áður en nám hefst.

Allar nánari upplýsingar varðandi greiðslufyrirkomulag gefur Helga S. Ormsdóttir, gjaldkeri í síma 525-5295 eða á netfangið: helgaso@hi.is

Styrkir

Vakin er athygli á að ýmis stéttarfélög og margir vinnuveitendur veita góða styrki til náms.

Verkefnastjóri námsins

Hulda Mjöll Hauksdóttir, sem veitir góðfúslega frekari upplýsingar um námið í síma 525-4924 eða í formi tölvupósts, netfang: hulda@hi.is